

Mál nr. 241/2010

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar bakarameistara (A)

Meiðsl við fall á gólfi verslunar bakara þann 17.09. 2009.

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 17.08. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 03.09. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M féll í verslun A er hún kom inn í verslunina úr rigningu og inn á flísalagt gólfið.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu.

Vátryggingafélagð hafnar greiðsluskyldu. A hafnar því að bleyta hafi verið á golfinu. Hér hafi verið um óhappatilvik að ræða. Félagið telur ósannað að óhappið megi rekja til atvika eða aðstæðna sem A ber ábyrgð á.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á að A eða starfsmenn hans hafi vanrækt starfsskyldur sínar eða að aðstæður hafi verið með þeim hætti að unnt sé að fella ábyrgð á A.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 14. september 2010

---

Rúnar Guðmunsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.